**Inngangstexti**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | | | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland |
|---|---|---|---|---|
| | 1874 | 1903 | 1915 | 1920 |
| Texti greinar | STJÓRNARSKRÁ<br>um hin sjerstaklegu málefni Íslands.<br>Nr. 1, 5. janúar 1874<br><br>Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,<br><br>Gjörum kunnugt: Alþingi hefur á þann hátt, sem fyrir skipaður var í 61. gr. í stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 tvisvar sinnum fallist á og Vjer nú með samþykki Voru staðfest eptirfylgjandi<br><br>Eptir að frumvörp til fyrirkomulags á stjórnarmálefnum Íslands fleirum sinnum höfðu verið lögð fyrir hið íslenzka alþingi án þess, að þingið hafði viljað aðhyllast þau, hefur alþingi, sem haldið var á árinu, sem leið, sumpart í alþingi, sem haldið var á árinu, sem leið, sumpart í þegnlegri bænarskrá, sumpart í þegnlegu ávarpi, er laut að hinu sama, látið í ljósi þá ósk, að Vjer vildum gefa Íslandi stjórnarbót að því leyti, er snertir hin sjerstaklegu málefni þess, sjer í lagi á þá leið, að hún gæti öðlazt gildi á þessu ári, sem minnisvert er fyrir Ísland.<br>Með því Vjer höfum fundið ástæðu til, að verða við beiðni þeirri, sem þannig er fram komin frá Voru kæra og trúa alþingi, höfum Vjer allramildilegast ályktað með því að leggja til grundvallar frumvörp þau til stjórnarskipulaga, sem áður hafa verið lögð fyrir alþingi, og einkanlega taka tillit til atriða þeirra, er tekin voru fram í fyr nefndri bænarskrá þingsins, að gefa eptirfylgjandi<br><br>Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands. | Stjórnarskipunarlög<br>um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874.<br><br>Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,<br><br>Gjörum kunnugt: Alþingi hefur á þann hátt, sem fyrir skipaður er í 61. gr. í stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 tvisvar sinnum fallist á og Vjer nú með samþykki Voru staðfest eptirfylgjandi<br><br>Stjórnskipunarlög um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874. | Stjórnarskipunarlög<br>um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnskipunarlögum 3. okt. 1903.<br><br>Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,<br><br>Gjörum kunnugt: Alþingi hefur á þann hátt, sem fyrir skipaður er í 61. gr. í stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 tvisvar sinnum fallist á og Vjer nú með samþykki Voru staðfest eftirfarandi<br><br>Stjórnskipunarlög um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnskipunarlögum 3. okt. 1903. | STJÓRNARSKRÁ<br>konungsríkisins Íslands<br>Nr. 9, 18. maí 1920.<br><br>Vjer Christian hinn Tíundi, af Guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,<br><br>Gjörum kunnugt: Alþingi hefur á þann hátt, sem fyrirskipaður er í 21. gr. stjórnskipunarlaga 19. júní 1915, tvisvar sinnum fallist á og Vjer nú með samþykki Voru staðfest eftirfarandi<br><br>STJÓRNARSKRÁ<br>konungsríkisins Íslands. |

**1. gr. Stjórnskipun**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | | Nýtt ákvæði 1. gr. 1920 | 1. gr. 1944 |
| Texti greinar | | Stjórnskipulagið er þingbundin konungsstjórn. | Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | | ~~Stjórnskipulagið er þingbundin konungsstjórn.~~**Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.** |

**2. gr. Þrískipting ríkisvaldsins**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | | Nýtt ákvæði 2. gr. 1920 | 2. gr. 1944 |
| Texti greinar | | Löggjafarvaldið er hjá konungi og Alþingi, báðum saman, framkvæmdavaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum. | Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | | ~~Löggjafarvaldið er hjá konungi og Alþingi, báðum saman, framkvæmdavaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.~~**Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.** |

**3. gr. Val á þjóðhöfðingja**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | | | Nýtt ákvæði 3. gr. 1944 |
| Texti greinar | | | Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn. |

**4. gr. Kjörgengi til forseta**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | | | Nýtt ákvæði 4. gr. 1944 |
| Texti greinar | | | Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu. |

**5. gr. Fyrirkomulag forsetakosninga**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | | | Nýtt ákvæði 5. gr. 1944 |
| Texti greinar | | | Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Sá, sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar. |

**6. gr. Kjörtímabil forseta**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | | | Nýtt ákvæði 6. gr. 1944 |
| Texti greinar | | | Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að 4 árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. |

**7. gr. Starfslok forseta áður en kjörtímabil rennur út**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | | | Nýtt ákvæði 7. gr. 1944 |
| Texti greinar | | | Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu. |

**8. gr. Handhafar forsetavalds**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|
| | | | Nýtt ákvæði 8. gr. 1944 | Breytt með 1. gr. 1991 |
| Texti greinar | | | Nú verður sæti forseta lýðveldisins laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti sameinaðs Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri hluti. | Nú verður sæti forseta lýðveldisins laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri hluti. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | | | Nú verður sæti forseta lýðveldisins laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forsætisráðherra, forseti ~~sameinaðs~~ Alþingis og forseti hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti ~~sameinaðs~~ Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri hluti. |

**9. gr. Starfskjör og –skilyrði forseta**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | | | Nýtt ákvæði 9. gr. 1944 |
| Texti greinar | | | Forseti lýðveldisins má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja. |

**10. gr. Stjórnarskrárbundinn forseti**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|---|
| | | Nýtt ákvæði 2. gr. 1915 | 6. gr. 1920 | 10. gr. 1944 |
| Texti greinar | | Konungur vinnur eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gera tvö samhljóða frumrit, og geymir Alþingi annað þeirra, en hitt skal geymast í Landsskjalasafninu. | Konungur vinnur eið að stjórnarskránni, er hann kemur til ríkis, enda hafi hann ekki unnið þann eið meðan hann var ríkisarfi. Af eiðstaf þessum skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt. | Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | | Konungur vinnur eið að ~~stjórnarskrá Íslands.~~**stjórnarskránni, er hann kemur til ríkis, enda hafi hann ekki unnið þann eið meðan hann var ríkisarfi.** Af eiðstaf ~~konungs~~**þessum** skal gera tvö samhljóða frumrit~~, og geymir~~**.** **Geymir** Alþingi annað ~~þeirra~~, en **þjóðskjalasafnið** hitt ~~skal geymast í Landsskjalasafninu.~~ **.** | ~~Konungur~~**Forsetinn** vinnur eið **eða drengskaparheit** að stjórnarskránni, er hann ~~kemur til ríkis, enda hafi hann ekki unnið þann eið meðan hann var ríkisarfi.~~**tekur við störfum.** Af eiðstaf þessum **eða heiti** skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt. |

## 11. gr. Ábyrgð(arleysi) forseta og frávikning

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku m. Í. | | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | Nýtt ákvæði 3. gr. 1915 | 10. gr. 1920 | 11.gr. 1944 | Breytt með 2. gr. 1991 |
| Texti greinar | | Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherra ber ábyrgð á stjórninni. Alþingi getur kært hann fyrir embættisrekstur hans. Landsdómur dæmir þau mál. | Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært þá fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál. | Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna.<br>Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki Alþingis.<br>Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi ¾ hluta þingmanna í sameinuðu þingi. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.<br>Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga. | Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna.<br>Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki Alþingis.<br>Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi ¾ hluta þingmanna.<br>Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.<br>Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | | Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. ~~Ráðherra ber~~**Ráðherrar bera** ábyrgð á ~~stjórninni.~~ **stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum.** Alþingi getur kært ~~hann~~ **þá** fyrir embættisrekstur ~~hans.~~**þeirra.** Landsdómur dæmir þau mál. | ~~Konungur~~**Forseti lýðveldisins** er ábyrgðarlaus ~~og friðhelgur. Ráðherrar bera ábyrgð~~ á **stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna.** ~~stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum.~~**Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki Alþingis.**<br>**Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi ¾ hluta þingmanna í sameinuðu þingi. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á** Alþingi ~~getur kært þá~~**, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.**<br>~~fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.~~**Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga.** | Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna.<br>Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki Alþingis.<br>Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi ¾ hluta þingmanna ~~í sameinuðu þingi~~. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.<br>Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga. |

## 12. gr. Aðsetur forseta

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | | | Nýtt ákvæði 12. gr. 1944 |
| Texti greinar | | | Forseti lýðveldisins hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni. |

## 13. gr. Ráðherrar framkvæma forsetavald

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|---|
| | 2. gr. 1874 | Breytt með 1. gr. 1903 | 9. gr. 1920 | 13. gr. 1944 |
| Texti greinar | Konungur hefur hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðgjafann fyrir Ísland framkvæma það.<br>Hið æðsta vald á Íslandi innanlands skal á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja, sem konungur skipar, og hefur aðsetur sitt á Íslandi. Konungur ákvarðar verksvið landshöfðingja. | Konungur hefur hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðherra Íslands framkvæma það. Ráðherra Íslands má ekki hafa annað ráðherraembætti á hendi, og verður að tala og rita íslenzka tungu. Hann skal hafa aðsetur í Reykjavík, en fara, svo opt sem nauðsyn er á, til Kaupmannahafnar, til þess að bera upp fyrir konungi í ríkisráðinu lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir.<br>Landssjóður Íslands greiðir laun og eptirlaun ráðherrans, svo og kostnað við ferðir hans til Kaupmannahafnar og dvöl hans þar.<br>Nú deyr ráðherrann, og gegnir landritarinn þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til skipaður hefur verið nýr ráðherra.<br>Ráðherra veitir þau embætti, sem landshöfðingja hefur hingað til verið falið að veita. | Konungur hefir hið æðsta vald í öllum málefnum ríkisins, með þeim takmörkunum,<br>sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur hann ráðherra framkvæma það.<br>Ráðuneytið<br>hefir aðsetur í Reykjavík. | Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt. Ráðuneytið hefur aðsetur í Reykjavík. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Konungur hefur hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ~~ráðgjafann fyrir Ísland~~**ráðherra Íslands** framkvæma það. **Ráðherra Íslands má ekki hafa annað ráðherraembætti á hendi, og verður að tala og rita íslenzka tungu. Hann skal hafa aðsetur í Reykjavík, en fara, svo opt sem nauðsyn er á, til Kaupmannahafnar, til þess að bera upp fyrir konungi í ríkisráðinu lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir.**<br>~~Hið æðsta vald á Íslandi innanlands skal á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja, sem konungur skipar, og hefur aðsetur sitt á Íslandi. Konungur ákvarðar verksvið landshöfðingja.~~**Landssjóður Íslands greiðir laun og eptirlaun ráðherrans, svo og kostnað við ferðir hans til Kaupmannahafnar og dvöl hans þar.**<br>**Nú deyr ráðherrann, og gegnir landritarinn þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til skipaður hefur verið nýr ráðherra.**<br>**Ráðherra veitir þau embætti, sem landshöfðingja hefur hingað til verið falið að veita.** | Konungur ~~hefur~~**hefir** hið æðsta vald ~~yfir~~ **í** öllum ~~hinum sjerstaklegu~~ málefnum ~~Íslands~~**ríkisins,** með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur **hann** ráðherra ~~Íslands~~ framkvæma það. ~~Ráðherra Íslands má ekki hafa annað ráðherraembætti á hendi, og verður að tala og rita íslenzka tungu. Hann skal hafa~~**Ráðuneytið**<br>**hefir** aðsetur í Reykjavík~~, en fara, svo opt sem nauðsyn er á, til Kaupmannahafnar, til þess að bera upp fyrir konungi í ríkisráðinu lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir.~~<br>~~Landssjóður Íslands greiðir laun og eptirlaun ráðherrans, svo og kostnað við ferðir hans til Kaupmannahafnar og dvöl hans þar.~~<br>~~Nú deyr ráðherrann, og gegnir landritarinn þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til skipaður hefur verið nýr ráðherra.~~<br>~~Ráðherra veitir þau embætti, sem landshöfðingja hefur hingað til verið falið að veita~~. | ~~Konungur hefir hið æðsta vald í öllum málefnum ríkisins, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og~~**Forsetinn** lætur ~~hann~~ ráðherra framkvæma ~~það.~~**vald sitt.** Ráðuneytið ~~hefir~~**hefur** aðsetur í Reykjavík. |

## 14. gr. Ráðherraábyrgð og landsdómur

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | | | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|---|---|
| | | Nýtt ákvæði 2. gr. 1903 | Breytt með 3. gr. 1915 | 10. gr. 1920 | 14. gr. 1944 |
| Texti greinar | | Ráðherrann ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Alþingi getur kært ráðherrann fyrir embættisrekstur hans eptir þeim reglum, er nánara verður skipað fyrir um með lögum. | Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherra ber ábyrgð á stjórninni. Alþingi getur kært hann fyrir embættisrekstur hans. Landsdómur dæmir þau mál. | Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært þá fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál. | Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | | ~~Ráðherrann~~**Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherra** ber ábyrgð á ~~stjórnarathöfninni.~~**stjórninni.** Alþingi getur kært ~~ráðherrann~~**hann** fyrir embættisrekstur hans ~~eptir þeim reglum, er nánara verður skipað fyrir um með lögum.~~. **Landsdómur dæmir þau mál.** | Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. ~~Ráðherra ber~~**Ráðherrar bera** ábyrgð á ~~stjórninni.~~ **stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum.** Alþingi getur kært ~~hann~~ **þá** fyrir embættisrekstur ~~hans.~~**þeirra.** Landsdómur dæmir þau mál. | ~~Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur.~~ Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ~~þá~~ **ráðherra** fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál. |

**15. gr. Skipun ráðherra og verkaskipting**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | | Nýtt ákvæði 11. gr. 1920 | 15. gr. 1944 |
| Texti greinar | | Konungur skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim. | Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | | ~~Konungur~~**Forsetinn** skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim. |

**16. gr. Ríkisráð**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | | Nýtt ákvæði 12. gr. 1920 | 16. gr. 1944 |
| Texti greinar | | Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skulu bornar upp fyrir konungi í ríkisráði. Ráðherrar skipa ríkisráð, og á ríkisarfi sæti í því, þegar hann er lögráða. Konungur er forseti ríkisráðsins. Ríkisráðsfund getur konungur haldið með einum ráðherra utan Íslands. | Forseti lýðveldisins og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti.<br>Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | | **Forseti lýðveldisins og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti.**<br>Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir ~~skulu bornar~~**skal bera** upp fyrir ~~konungi~~**forseta** í ríkisráði. ~~Ráðherrar skipa ríkisráð, og á ríkisarfi sæti í því, þegar hann er lögráða. Konungur er forseti ríkisráðsins. Ríkisráðsfund getur konungur haldið með einum ráðherra utan Íslands.~~ |

**17. gr. Ráðherrafundir**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | | Nýtt ákvæði 13. gr. 1920 | 17. gr. 1944 |
| Texti greinar | | Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og halda ráðherrafund, er einhver ráðherranna óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er konungur hefir hvatt til forsætis. Sá ráðherra, er forsæti skipar, nefnist Forsætisráðherra. | Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti lýðveldisins hefur kvatt til forsætis, og nefnist hann forsætisráðherra. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | | Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ~~halda~~ ráðherrafund~~, er~~ **halda, ef** einhver ráðherra~~nna~~ óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er ~~konungur hefir hvatt~~**forseti lýðveldisins hefur kvatt** til forsætis~~. Sá ráðherra, er forsæti skipar,~~**, og** nefnist ~~Forsætisráðherra.~~ **hann forsætisráðherra.** |

**18. gr. Uppburður mála fyrir forseta**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|---|
| | | Nýtt ákvæði 2. gr. 1903 | 14. gr. 1920 | 18. gr. 1944 |
| Texti greinar | | Konungur hefur hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðherra Íslands framkvæma það. Ráðherra Íslands má ekki hafa annað ráðherraembætti á hendi, og verður að tala og rita íslenzka tungu. Hann skal hafa aðsetur í Reykjavík, en fara, svo opt sem nauðsyn er á, til Kaupmannahafnar, til þess að bera upp fyrir konungi í ríkisráðinu lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir.<br>Landssjóður Íslands greiðir laun og eptirlaun ráðherrans, svo og kostnað við ferðir hans til Kaupmannahafnar og dvöl hans þar.<br>Nú deyr ráðherrann, og gegnir landritarinn þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til skipaður hefur verið nýr ráðherra.<br>Ráðherra veitir þau embætti, sem landshöfðingja hefur hingað til verið falið að veita. | Nú er konungur ekki staddur hjer á landi, og ber forsætisráðherra þá að jafnaði málin upp fyrir konungi, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna, ef þeir eru ekki viðstaddir. Þá er ráðherra ber upp fyrir konungi mál, sem annar ráðherra hefir undirritað, ber hann ábyrgð á því, að málið sje rétt flutt, en annars ekki sérstaka ábyrgð vegna flutningsins, nema hann á annan hátt hafi tekið stjórnskipulega ábyrgð á efni þess. | Sá ráðherra, sem mál hefur undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir forseta. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | | ~~Konungur hefur hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðherra Íslands framkvæma það. Ráðherra Íslands má ekki hafa annað ráðherraembætti á hendi, og verður að tala og rita íslenzka tungu. Hann skal hafa aðsetur í Reykjavík, en fara, svo opt sem nauðsyn er á, til Kaupmannahafnar, til þess að bera upp fyrir konungi í ríkisráðinu lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir.~~<br>~~Landssjóður Íslands greiðir laun og eptirlaun ráðherrans, svo og kostnað við ferðir hans til Kaupmannahafnar og dvöl hans þar.~~<br>~~Nú deyr ráðherrann, og gegnir landritarinn þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til skipaður hefur verið nýr ráðherra.~~<br>~~Ráðherra veitir þau embætti, sem landshöfðingja hefur hingað til verið falið að veita.~~**Nú er konungur ekki staddur hjer á landi, og ber forsætisráðherra þá að jafnaði málin upp fyrir konungi, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna, ef þeir eru ekki viðstaddir. Þá er ráðherra ber upp fyrir konungi mál, sem annar ráðherra hefir undirritað, ber hann ábyrgð á því, að málið sje rétt flutt, en annars ekki sérstaka ábyrgð vegna flutningsins, nema hann á annan hátt hafi tekið stjórnskipulega ábyrgð á efni þess.** | ~~Nú er konungur ekki staddur hjer á landi, og ber forsætisráðherra þá að jafnaði málin upp fyrir konungi, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna, ef þeir eru ekki viðstaddir. Þá er~~**Sá** ráðherra ~~ber upp fyrir konungi mál~~, sem ~~annar ráðherra hefir~~**mál hefur** undirritað, ber ~~hann ábyrgð á því, að málið sje rétt flutt, en annars ekki sérstaka ábyrgð vegna flutningsins, nema hann á annan hátt hafi tekið stjórnskipulega ábyrgð á efni þess.~~**það að jafnaði upp fyrir forseta.** |

**19. gr. Gildistaka löggjafarmála/stjórnarerinda**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|---|
| | 10. gr. 1874 | Breytt með 4. gr. 1915 | 15. gr. 1920 | 19. gr. 1944 |
| Texti greinar | Samþykkis konungs þarf til þess, að nokkur ályktun alþingis geti fengið lagagildi. Konungur annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt. Hafi konungur ekki staðfest eitthvert agafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður. | Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir þær með honum. | Undirskrift konungs undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir með honum. | Undirskrift forseta lýðveldisins undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | ~~Samþykkis konungs þarf til þess, að nokkur ályktun alþingis geti fengið lagagildi. Konungur annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt. Hafi konungur ekki staðfest eitthvert agafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður.~~**Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir þær með honum.** | Undirskrift konungs undir ~~ályktanir um löggjöf og stjórn~~**löggjafarmál eða stjórnarerindi** veitir þeim gildi, ~~þegar~~**er** ráðherra ritar undir ~~þær~~ með honum. | Undirskrift ~~konungs~~**forseta lýðveldisins** undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir **þau** með honum. |

**20. gr. Embættisveitingar og embættisgengi**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | |
|---|---|---|
| | 4. gr. 1874 | Breytt með 5. gr. 1915 |
| Texti greinar | Konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefur veitt hingað til. Breytingu má á þessu gjöra með lagaboði. Engan má skipa embættismann á Íslandi, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt því, sem fyrir er mælt í hinum gildandi ákvörðunum um kunnáttu í máli landsins. Sjerhver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni.<br>Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefur veitt það. Eptirlaun embættismanna skulu ákveðin samkvæmt eptirlaunalögunum. Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiptin eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða.<br>Með lagaboði má undan skilja ýmsa embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 44. grein. | Konungur veitir öll þau embætti, sem hann hefur veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefur veitt það. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Konungur veitir öll ~~þess konar~~**þau** embætti, sem hann hefur veitt hingað til. ~~Breytingu~~ **Breyta** má ~~á~~ þessu ~~gjöra~~ með ~~lagaboði. Engan má skipa embættismann á Íslandi, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt því, sem fyrir er mælt í hinum gildandi ákvörðunum um kunnáttu í máli landsins. Sjerhver~~**lögum. Hver** embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni.<br>Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefur veitt það. ~~Eptirlaun embættismanna skulu ákveðin samkvæmt eptirlaunalögunum. Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiptin eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða.~~<br>~~Með lagaboði má undan skilja ýmsa embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 44. grein.~~ |

## 20. gr. Embættisveitingar og embættisgengi frh.

| | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|
| | 16. gr. 1920 | 1944 |
| Texti greinar | Konungur veitir öll þau embætti, er hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararjett.<br>Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.<br>Konungur getur vikið þeim frá embætti, er hann hefir veitt það.<br>Konungur getur flutt embættismann úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa um, hvort þeir vilji heldur embættisskiftin eða þá lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.<br>Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, er taldir eru í 57. gr. | Forseti lýðveldisins veitir þau embætti, er lög mæla.<br>Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt.<br>Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.<br>Forseti getur vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það.<br>Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | Konungur veitir öll þau embætti, ~~sem~~**er** hann ~~hefur~~**hefir** veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. ~~Hver embættismaður~~**Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararjett. Embættismaður hver** skal vinna eið **eða drengskaparheit** að stjórnarskránni.<br>Konungur getur vikið þeim frá embætti, ~~sem~~**er** hann ~~hefur~~**hefir** veitt það.<br>**Konungur getur flutt embættismann úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa um, hvort þeir vilji heldur embættisskiftin eða þá lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.**<br>**Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, er taldir eru í 57. gr.** | ~~Konungur~~**Forseti lýðveldisins** veitir ~~öll~~ þau embætti, er ~~hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum.~~ **lög mæla.**<br>Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ~~ríkisborgararjett.~~ **ríkisborgararétt.** Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.<br>~~Konungur~~**Forseti** getur vikið þeim frá embætti, er hann ~~hefir~~**hefur** veitt það.<br>~~Konungur~~**Forseti** getur flutt ~~embættismann~~**embættismenn** úr einu embætti í annað, ~~þó svo, að þeir~~ **enda** missi **þeir** einskis í af embættistekjum **sínum**, og ~~að~~**sé** þeim ~~sje gefinn~~**veittur** kostur á að kjósa um~~, hvort þeir vilji heldur embættisskiftin~~ **embættaskiptin** eða ~~þá~~ lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.<br>~~Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, er taldir eru í 57. gr.~~ |

**21. gr. Samningar við önnur ríki**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | | Nýtt ákvæði 17. gr. 1920 | 21. gr. 1944 |
| Texti greinar | | Konungur gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafi í sjer fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til. | Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | | ~~Konungur~~**Forseti lýðveldisins** gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir ~~hafi~~**hafa** í ~~sjer~~**sér** fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi~~,~~ eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til. |

**22. gr. Alþingi kallað saman**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 5. gr. 1874 | Breytt með 3. gr. 1903 | 18. gr. 1920 | 22. gr. 1944 | Breytt með 3. gr. 1991 |
| Texti greinar | Konungur stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis konungs má þingið eigi eiga setu lengur en 6 vikur. Breyta má þessu með lögum. | Konungur stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis konungs má þingið eigi setu eiga lengur en 8 vikur. Ákvæðum greinar þessarar má breyta með lögum. | Konungur stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður, hve nær því skuli slitið. Þinginu má eigi slíta fyr en fjárlög eru samþykt. Konungur getur og hvatt Alþingi til aukafunda. | Forsetinn stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður, hvenær því skuli slitið. Þingi má eigi slíta fyrr en fjárlög eru samþykkt. Forseti lýðveldisins kveður Alþingi til aukafunda, þegar nauðsyn er til. | Forseti lýðveldisins stefnir saman Alþingi eigi síðar en tíu vikum eftir almennar alþingiskosningar. Forsetinn setur reglulegt Alþingi ár hvert. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Konungur stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis konungs má þingið eigi **setu** eiga ~~setu~~ lengur en ~~6~~**8** vikur. ~~Breyta~~**Ákvæðum greinar þessarar** má ~~þessu~~**breyta** með lögum. | Konungur stefnir saman ~~reglulegu alþingi annaðhvort~~**Alþingi** ár~~. Án samþykkis konungs má þingið eigi setu eiga lengur en 8 vikur. Ákvæðum greinar þessarar má breyta með lögum.~~ **hvert og ákveður, hve nær því skuli slitið. Þinginu má eigi slíta fyr en fjárlög eru samþykt. Konungur getur og hvatt Alþingi til aukafunda.** | ~~Konungur~~**Forsetinn** stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður, hve~~-~~nær því skuli slitið. Þingi~~nu~~ má eigi slíta ~~fyr~~**fyrr** en fjárlög eru ~~samþykt. Konungur getur og hvatt~~**samþykkt. Forseti lýðveldisins kveður** Alþingi til aukafunda~~.~~**, þegar nauðsyn er til.** | ~~Forsetinn~~ **Forseti lýðveldisins** stefnir saman Alþingi ~~ár hvert og ákveður, hvenær því skuli slitið. Þingi má~~ eigi ~~slíta fyrr~~**síðar** en ~~fjárlög eru samþykkt. Forseti lýðveldisins kveður Alþingi til aukafunda, þegar nauðsyn er til.~~**tíu vikum eftir almennar alþingiskosningar. Forsetinn setur reglulegt Alþingi ár hvert.** |

## 23. gr. Frestun funda Alþingis

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|
| | 7. gr. 1874 | 19. gr. 1920 | 23. gr. 1944 | Breytt með 4. gr. 1991 |
| Texti greinar | Konungur getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en samt ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykkist það, og ekki nema einu sinni á ári. | Konungur getur frestað fundum Alþingis um tilkekinn tíma, þó ekki lengur en 2 vikur nema Alþingi samþykki, og ekki nema einu sinni á ári. | Forseti lýðveldisins getur frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum ákvæðum. | Forseti lýðveldisins getur frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum ákvæðum. Hafi Alþingi verið frestað getur forseti lýðveldisins eigi að síður kvatt Alþingi saman til funda ef nauðsyn ber til. Forseta er það og skylt ef ósk berst um það frá meiri hluta alþingismanna. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Konungur getur frestað fundum ~~hins reglulega alþingis~~**Alþingis** um ~~tiltekinn~~**tilkekinn** tíma, ~~en samt~~**þó** ekki lengur en ~~4~~**2** vikur~~,~~ nema ~~alþingi samþykkist það~~**Alþingi samþykki**, og ekki nema einu sinni á ári. | ~~Konungur~~**Forseti lýðveldisins** getur frestað fundum Alþingis ~~um~~ ~~tilkekinn~~**tiltekinn** tíma, þó ekki lengur en ~~2~~**tvær** vikur ~~nema~~ ~~Alþingi samþykki,~~ og ekki nema einu sinni á ári. **Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum ákvæðum.** | Forseti lýðveldisins getur frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum ákvæðum. **Hafi Alþingi verið frestað getur forseti lýðveldisins eigi að síður kvatt Alþingi saman til funda ef nauðsyn ber til. Forseta er það og skylt ef ósk berst um það frá meiri hluta alþingismanna.** |

**24. gr. Þingrof**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|
| | 8. gr. 1874 | 20. gr. 1920 | 24. gr. 1944 | Breytt með 5. gr. 1991 |
| Texti greinar | Konungur getur leyst upp alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður tveir mánuðir sjeu liðnir frá því það var leyst upp, og alþingi stefnt saman næsta ár eptir að það var leyst upp. | Konungur getur rofið Alþingi, og skal þá stofna til nýrra kosninga áður 2 mánuðir sjeu liðnir frá því, er það var rofið, en Alþingi stefnt saman eigi síðar en 8 mánuðum eftir að það var rofið. | Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 2 mánuðir séu liðnir, frá því að það var rofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en 8 mánuðum eftir, að það var rofið. | Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en tíu vikum eftir, að það var rofið. Alþingismenn skulu halda umboði sínu til kjördags. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Konungur getur ~~leyst upp alþingi~~**rofið Alþingi**, og skal þá stofna~~ð~~ til nýrra kosninga áður ~~tveir~~**2** mánuðir sjeu liðnir frá því**, er** það var ~~leyst upp, og alþingi~~**rofið, en Alþingi** stefnt saman ~~næsta ár eptir~~**eigi síðar en 8 mánuðum eftir** að það var ~~leyst upp.~~**rofið.** | ~~Konungur~~**Forseti lýðveldisins** getur rofið Alþingi, og skal þá ~~stofna~~**stofnað** til nýrra kosninga**,** áður **en** 2 mánuðir ~~sjeu~~**séu** liðnir**,** frá því~~, er~~ **að** það var rofið, ~~en~~ **enda komi** Alþingi ~~stefnt~~ saman eigi síðar en 8 mánuðum eftir**,** að það var rofið. | Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en ~~2 mánuðir séu~~**45 dagar eru** liðnir~~,~~ frá því ~~að það~~**er gert** var **kunnugt um þing**rofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en ~~8 mánuðum~~**tíu vikum** eftir, að það var rofið. **Alþingismenn skulu halda umboði sínu til kjördags.** |

**25. gr. Stjórnarfrumvörp**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | 9. gr. 1874 | 21. gr. 1920 | 25. gr. 1944 |
| Texti greinar | Konungur getur látið leggja fyrir alþingi uppástungur til laga og ályktana. | Konungur getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til annara samþykkta. | Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Konungur getur látið leggja fyrir ~~alþingi uppástungur~~**Alþingi frumvörp** til laga og ~~ályktana.~~**tillögur til annara samþykkta.** | ~~Konungur~~**Forseti lýðveldisins** getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og ~~tillögur til annara~~**annarra** samþykkta. |

## 26. gr. Staðfesting forseta

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | 10. gr. 1874 | 22.gr. 1920 | 26. gr. 1944 |
| Texti greinar | Samþykkis konungs þarf til þess, að nokkur ályktun alþingis geti fengið lagagildi. Konungur annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt. Hafi konungur ekki staðfest eitthvert lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður. | Staðfesting konungs þarf til þess, að nokkur samþykkt Alþingis fái lagagildi.<br>Konungur annast birtingu laga og framkvæmd.<br>Nú hefur konungur eigi staðfest lagafrumvarp, sem Alþingi hefir samþykt, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman, og er þá frumvarpið niður fallið. | Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | ~~Samþykkis~~**Staðfesting** konungs þarf til þess, að nokkur ~~ályktun alþingis geti fengið~~**samþykkt Alþingis fái** lagagildi.<br>Konungur annast ~~um, að lögin verði birt~~**birtingu laga** og ~~að þeim verði fullnægt. Hafi~~ **framkvæmd. Nú hefur** konungur ~~ekki~~**eigi** staðfest ~~eitthvert~~ lagafrumvarp, sem ~~alþingi hefur fallizt á, á undan~~**Alþingi hefir samþykt, áður en** næsta ~~reglulegu alþingi,~~**reglulegt Alþingi kemur saman, og** er ~~það~~**þá frumvarpið niður** fallið ~~niður.~~**.** | ~~Staðfesting konungs þarf til þess, að nokkur samþykkt Alþingis fái lagagildi.~~<br>~~Konungur annast birtingu laga og framkvæmd.~~<br>~~Nú hefur konungur eigi staðfest lagafrumvarp, sem Alþingi hefir samþykt, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman, og er þá frumvarpið niður fallið.~~ **Ef Alþingi hefur samþykkt lagafru**mvarp**, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.** |

**27. gr. Birting laga**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | | | Nýtt ákvæði 27. gr. 1944 |
| Texti greinar | | | Birta skal lög. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum. |

## 28. gr. Bráðabirgðalög

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 11. gr. 1874 | Breytt með 6. gr. 1915 | 23. gr. 1920 | 28. gr. 1944 | Breytt með 6. gr. 1991 |
| Texti greinar | Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli alþinga; eigi mega slík lög samt koma í bága við stjórnarskrána, og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta alþingi á eptir. | Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli Alþinga; eigi mega slík lög ríða í bág við stjórnarskrána, og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eptir. Samþykki Alþingi þau ekki áður en þingi slítur, falla þau úr gildi. Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykkt af Alþingi. | Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eptir.<br>Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.<br>Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af Alþingi. | Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.<br>Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.<br>Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið. | Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.<br>Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr gildi.<br>Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli ~~alþinga~~**Alþinga**; eigi mega slík lög ~~samt koma~~**ríða** í bág~~a~~ við stjórnarskrána, og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta ~~alþingi~~**Alþingi** á eptir. **Samþykki Alþingi þau ekki áður en þingi slítur, falla þau úr gildi. Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykkt af Alþingi.** | Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli ~~Alþinga; eigi~~**þinga. Ekki** mega ~~slík lög~~**þau þó** ríða í bág við stjórnarskrána~~, og ætíð~~**. Ætíð** skulu þau ~~-~~lögð fyrir næsta Alþingi á eptir.<br>~~Samþykki~~<br>**Nú samþykkir** Alþingi ~~þau~~ ekki ~~áður en þingi slítur,~~ **bráðabirgðalög, og** falla þau **þá** úr gildi.<br>Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru ~~samþykkt~~**samþykt** af Alþingi. | Þegar brýna nauðsyn ber til, getur ~~konungur~~**forsetinn** gefið út bráðabirgðalög milli þinga.<br>Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á ~~eptir.~~ **eftir.**<br>Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.<br>Bráðabirgðafjárlög má ~~eigi~~**ekki** gefa út, ef **Alþingi hefur samþykkt** fjárlög fyrir fjárhagstímabilið~~ eru samþykt af Alþingi~~. | Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög ~~milli þinga.~~<br>**er Alþingi er ekki að störfum.**<br>Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir ~~næsta~~ Alþingi **þegar er það er saman komið** á ~~eftir.~~**ný.**<br>~~Nú samþykkir~~**Samþykki** Alþingi ekki bráðabirgðalög, ~~og~~**eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman,** falla þau ~~þá~~ úr gildi.<br>Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið. |

**29. gr. Sakaruppgjöf**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | 12. gr. 1874 | 24. gr. 1920 | 29. gr. 1944 |
| Texti greinar | Konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum. | Konungur getur ákveðið að samsókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn nje hegningu, sem landsdómur hefir í dæmt, nema með samþykki Alþingis. | Forsetinn getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Konungur **getur ákveðið að samsókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann** náðar menn og veitir almenna uppgjöf ~~á sökum.~~**saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn nje hegningu, sem landsdómur hefir í dæmt, nema með samþykki Alþingis.** | ~~Konungur~~**Forsetinn** getur ákveðið**,** að ~~samsókn~~ **saksókn** fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn ~~nje hegningu~~**né refsingu**, sem landsdómur ~~hefir í~~**hefur** dæmt, nema með samþykki Alþingis. |

**30. gr. Undanþágur frá lögum**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | 13. gr. 1874 | 25. gr. 1920 | 30. gr. 1944 |
| Texti greinar | Konungur veitir sumpart beinlínis sumpart með því, að fela það hlutaðeigandi stjórnvöldum á hendur, leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til. | Konungur veitir annaðhvort sjálfur, eða með því að fela það stjórnvöldum í hendur, leyfi og undanþágur frá lögum, samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til. | Forsetinn veitir, annaðhvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Konungur veitir ~~sumpart beinlínis sumpart~~**annaðhvort sjálfur, eða** með því~~,~~ að fela það ~~hlutaðeigandi~~ stjórnvöldum ~~á~~**í** hendur, leyfi ~~þau~~ og undanþágur frá lögum, ~~sem tíðkazt hafa eptir~~**samkvæmt** reglum ~~þeim~~, sem farið hefur verið ~~eptir~~**eftir** hingað til. | ~~Konungur~~**Forsetinn** veitir**,** annaðhvort sjálfur~~,~~ eða með því að fela það **öðrum** stjórnvöldum ~~í hendur, leyfi og~~**,** undanþágur frá lögum~~,~~ samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til. |

**31. gr. Kosningafyrirkomulag**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | | |
|---|---|---|---|
| | 14. gr. 1874 | Breytt með 4. gr. 1903 | Breytt með 7. gr. 1915 |
| Texti greinar | Á alþingi eiga sæti 30 þjóðkjörnir alþingismenn og 6 alþingismenn, sem konungur kveður til þingsetu. Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismann má breyta með lögum. Bæði kosningar hinna þjóðkjörnu alþingismanna og umboð þeirra, sem kvaddir eru til þingsetu af konungi, gilda venjulega fyrir 6 ára tímabil, og umboð þeirra, sem konungur kveður til, eins fyrir það, þótt þingið kynni að verða leyst upp. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru eða kvaddir til þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur, skal samt að eins kjósa eða kveðja til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum. | Á alþingi eiga sæti 34 þjóðkjörnir alþingismenn og 6 alþingismenn, sem konungur kveður til þingsetu. Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismann má breyta með lögum. Bæði kosningar hinna þjóðkjörnu alþingismanna og umboð þeirra, sem kvaddir eru til þingsetu af konungi, gilda venjulega fyrir 6 ára tímabil, og umboð þeirra, sem konungur kveður til, eins fyrir það, þótt þingið kynni að verða leyst upp. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru eða kvaddir til þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur, skal samt að eins kjósa eða kveðja til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum. | Á alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum. |

**31. gr. Kosningafyrirkomulag frh.**

| | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | | |
|---|---|---|---|
| | 26. gr. 1920 | Breytt með 1. gr. 1934 | Breytt með 1. gr. í sept. 1942 |
| Texti greinar | Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.<br>Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.<br>Óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 alþingismenn, en 6 hlutbundnum kosningum um land alt í einu lagi.<br>Með lögum má ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kjörgengi og kosningarjett sömu reglur sem við óhlutbundnar kosningar. Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt, og auk þeirra 8 þingmenn, sem sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, sem kosnir eru í sjerstökum kjördæmum. Hinir eiga sæti í neðri deild. | Á Alþingi eiga sæti allt að 49 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af<br>a. 32 í einmennings- og tvímenningskjördæmum þeim, sem nú eru. Kosning þeirra er óhlutbundin.<br>Skipta má tvímenniskjördæmum með lögum.<br>Deyi þingmaður, kosinn í þessum kjördæmum, á kjörtímanum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.<br>b. 6 í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.<br>c. Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefur í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal að minnsta kosti annaðhvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.<br>Þingmenn skulu kosnir til 4 ára. | Á Alþingi eiga sæti allt að 52 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af<br>a. 8 þingmenn í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.<br>b. 6 þingmenn í þessum kaupstöðum, einn fyrir hvern kaupstað: Hafnarfirði, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.<br>c. 27 þingmenn í þeim einmennings- og tvímenningskjördæmum, sem nú eru, öðrum en kaupstöðum. Skal kosning vera hlutbundin í tvímenningskjördæmum og jafnmargir varamenn kosnir samtímis og á sama hátt. Deyi þingmaður, kosinn í einmenningskjördæmi, eða fari frá á kjörtímanum, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.<br>d. Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefur í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal að minnsta kosti annað hvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.<br>Þingmenn skulu kosnir til 4 ára. |

## 31. gr. Kosningafyrirkomulag frh.

| | Lýðveldisstjórnarskráin | | | |
|---|---|---|---|---|
| | 31. gr. 1944 | Breytt með 1. gr. 1959 | Breytt með 1. gr. 1984 | Breytt með 1. gr. 1999 |
| Texti greinar | Á Alþingi eiga sæti allt að 52 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af<br>a. 8 þingmenn í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.<br>b. 6 þingmenn í þessurn kaupstöðum, einn fyrir hvern kaupstað: Hafnarfirði, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.<br>e. 27 þingmenn í þeim einmennings- og tvímenningskjördæmum, sem nú eru, öðrum en kaupstöðum. Skal kosning vera hlutbundin í tvímenningskjördæmum og jafnmargir varamenn kosnir samtímis og á sama hátt.Deyi þingmaður, kosinn í einmenningskjördæini, eða fari frá á kjörtímanum, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.<br>d. Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefur í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal að minnsta kosti annað hvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnm argir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.<br>Þingmenn skulu kosnir til 4 ára. | Á Alþingi eiga sæti 60 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af:<br>a. 25 þingmenn kosnir hlutbundinni kosningu í 5 fimm manna kjördæmum:<br>Vesturlandskjördæmi: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.<br>Vestfjarðakjördæmi: Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, ísafjarðarkaupstaður, Norður-<br>Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla.<br>Norðurlandskjördæmi vestra: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.<br>Austurlandskjördæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður- Múlasýsla, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.<br>Reykjaneskjördæmi: Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður<br>og Kópavogskaupstaður.<br>b. 12 þingmenn kosnir hlutbundinni kosningu í 2 sex manna kjördæmum:<br>Norðurlandskjördæmi eystra: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og NorðurÞingeyjarsýsla.<br>Suðurlandskjördæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.<br>c. 12 þingmenn kosnir hlutbundinni kosningu í Reykjavík.<br>d. 11 landskjörnir þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Þingmenn skulu kosnir til 4 ára. Á hverjum framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri menn en kjósa á í því kjördæmi, og skulu varamenn, bæði fyrir kjördæmakosna þingmenn og landskjörna. vera svo margir sem til endist á listanum. | Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til 4 ára í þessum kjördæmum:<br>1. Reykjavíkurkjördæmi. Til þess telst Reykjavík.<br>2. Reykjaneskjördæmi. Til þess teljast: Gullbringusýsla, Grindavíkurkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Kjósarsýsla, Garðakaupstaður, Hafnarfj arðarkaupstaður, Kópavogskaupstaður og Seltjarnarneskaupstaður.<br>3. Vesturlandskjördæmi. Til þess teljast: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnesog Hnappadalssýsla og Dalasýsla.<br>4. Vestfjarðakjördæmi: Til þess teljast: Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandarsýsla, VesturÍsafjarðarsýsla, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.<br>5. Norðurlandskjördæmi vestra. Til þess teljast: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.<br>6. Norðurlandskjördæmi eystra. Til þess teljast: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður- Þingeyjarsýsla.<br>7. Austurlandskjördæmi.Til þess teljast: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Eskifjarðarkaupstaður, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.<br>8. Suðurlandskjördæmi. Til þess teljast: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla, Árnessýsla og Selfoss.<br>Þingsæti skiptast milli kjördæma á þennan hátt:<br>a. 54 þingsæti skiptast þannig milli kjördæma:<br>Reykjavíkurkjördæmi 14 þingsæti<br>Reykjaneskjördæmi 8 þingsæti<br>Vesturlandskjördæmi 5 þingsæti<br>Vestfjarðakjördæmi 5 þingsæti<br>Norðurlandskjördæmi vestra 5 þingsæti<br>Norðurlandskjördæmi eystra 6 þingsæti<br>Austurlandskjördæmi 5 þingsæti<br>Suðurlandskjördæmi 6 þingsæti<br>b. Að minnsta kosti 8 þingsætum skal ráðstafa til kjördæma fyrir hverjar kosningar samkvæmt ákvæðum í kosningalögum.<br>e. Heimilt er að ráðstafa einu þingsæti til kjördæmis að loknum hverjum kosningum samkvæmt ákvæðum í kosningalögum.<br>Við úthlutun þingsæta samkvæmt kosningaúrslitum skal gæta þess svo sem kostur er að hver þingflokkur fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Er þá heimilt að úthluta allt að fjórðungi þingsæta hvers kjördæmis, samkvæmt a- og b-Iið 2. mgr. þessarar greinar, með hliðsjón af kosningaúrslitum á landinu öllu. Sama á við um úthlutun þingsætis samkvæmt e-lið sömu málsgreinar. | Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára.<br>Kjördæmi skulu vera fæst sex en flest sjö. Mörk þeirra skulu ákveðin í lögum, en þó er heimilt að fela landskjörstjórn að ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og nágrenni.<br>Í hverju kjördæmi skulu vera minnst sex kjördæmissæti sem úthluta skal á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu. Fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi skal að öðru leyti ákveðinn í lögum, sbr. þó 5. mgr.<br>Öðrum þingsætum en kjördæmissætum skal ráðstafa í kjördæmi og úthluta þeim til jöfnunar milli stjórnmálasamtaka þannig að hver samtök fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þau stjórnmálasamtök koma þó ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa minnst fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu.<br>Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Setja skal nánari fyrirmæli um þetta í lög.<br>Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki $^{2}/_{3}$ atkvæða á Alþingi. |

**32. gr. Deildaskipting Alþingis**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | | |
|---|---|---|---|
| | 15. gr. 1874 | Breytt með 5. gr. 1903 | Breytt með 8. gr. 1915 |
| Texti greinar | Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri deildinni sitja 12 þingmenn, í neðri deildinni 24. Þó má breyta tölum þessum með lögum. | Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri deildinni sitja 14 þingmenn, í neðri deildinni 26. Þó má breyta tölum þessum með lögum. | Alþingi skiptist í 2 deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.<br>Óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 alþingismenn, en 6 hlutbundnum kosningum um landið alt í einu lagi.<br>Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum, og auk þeirra 8 þingmenn, sem sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, sem kosnir eru óhlutbundnum kosningum. Hinir eiga sæti í neðri deild. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri deildinni sitja ~~12~~**14** þingmenn, í neðri deildinni ~~24.~~**26.** Þó má breyta tölum þessum með lögum. | Alþingi skiptist í ~~tvær~~**2** deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild.~~ Í efri deildinni sitja 14 þingmenn, í neðri deildinni 26. Þó~~ **Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum** má breyta ~~tölum þessum~~ með lögum.<br>**Óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 alþingismenn, en 6 hlutbundnum kosningum um landið alt í einu lagi.**<br>**Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum, og auk þeirra 8 þingmenn, sem sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, sem kosnir eru óhlutbundnum kosningum. Hinir eiga sæti í neðri deild.** |

## 32. gr. Deildaskipting Alþingis frh.

| | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|
| | 26. gr. 1920 | Breytt með 2. gr. 1934 | 32. gr. 1944 | Breytt með 7. gr. 1991 |
| Texti greinar | Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.<br>Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.<br>Óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 alþingismenn, en 6 hlutbundnum kosningum um land alt í einu lagi.<br>Með lögum má ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kjörgengi og kosningarjett sömu reglur sem við óhlutbundnar kosningar.<br>Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt, og auk þeirra 8 þingmenn, sem sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, sem kosnir eru í sjerstökum kjördæmum. Hinir eiga sæti í neðri deild. | Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild. | Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem um fram eru, sæti í neðri deild. | Alþingi starfar í einni málstofu. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | **Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.**<br>Alþingi skiptist í ~~2~~**tvær** deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild.~~-~~ Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.<br>Óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 alþingismenn, en 6 hlutbundnum kosningum um land~~ið~~ alt í einu lagi.<br>**Með lögum má ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kjörgengi og kosningarjett sömu reglur sem við óhlutbundnar kosningar.**<br>Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum **um land alt**, og auk þeirra 8 þingmenn, sem sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, sem kosnir eru ~~óhlutbundnum kosningum.~~**í sjerstökum kjördæmum.** Hinir eiga sæti í neðri deild. | ~~Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.~~<br>Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. ~~Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14~~ **Á þriðjungur þingmanna sæti** í efri deild~~. Tölum þessum má breyta með lögum.~~<br>~~Óhlutbundnum kosningum~~**, en tveir þriðju hlutar** í ~~sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 alþingismenn,~~<br>~~en 6 hlutbundnum kosningum um land alt í einu lagi.~~<br>~~Með lögum má ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kjörgengi og kosningarjett sömu reglur sem við óhlutbundnar kosningar.~~<br>~~Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt, og auk þeirra 8 þingmenn, sem sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, sem kosnir eru í sjerstökum kjördæmum. Hinir eiga sæti í neðri deild.~~ **neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.** | [Óbreytt] | ~~Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild. Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem um fram eru, sæti í neðri deild.~~**Alþingi starfar í einni málstofu.** |

**33. gr. Kosningaréttur við alþingiskosningar**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | | |
|---|---|---|---|
| | 17. gr. 1874 | Breytt með 6. gr. 1903 | Breytt með 10. gr. 1915 |
| Texti greinar | Kosningarrjett til alþingis hafa:<br>a. allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stjetta; þó skulu þeir, sem með sjerstaklegri ákvörðun kynni að vera undanskildir einhverju þegnskyldugjaldi, ekki fyrir það missa kosningarrjett sinn;<br>b. kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 8 kr. (4 rd.) á ári;<br>c. þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 12 krónur (6 rd.) á ári;<br>d. embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingarbrjef eða þeir eru skipaðir af því yfirvaldi, sem konungur hefur veitt himild til þessa;<br>e. þeir, sem hafa lærdómspróf við háskólann, eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir.<br>Þar að auki getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi veri heimilisfastur í kjördæminu eitt ár,<br>sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit eða, hafi hann þáð sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann eða honum hafi verið gefinn hann upp. | Kosningarrjett til alþingis hafa:<br>a. allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stjetta; þó skulu þeir, sem með sjerstaklegri ákvörðun kynnu að vera undanskildir einhverju þegnskyldugjaldi, ekki fyrir það missa kosningarrjett sinn;<br>b. allir karlmenn, sem ekki eru öðrum háðir sem hjú, ef þeir gjalda að minnsta kosti 4 kr. á ári sem aukaútsvar;<br>c. embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingarbrjef eða eru skipaðir af yfirvaldi því, er konungur hefur veitt himild til þess;<br>d. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða við prestaskólann eða læknaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þó ekki sje þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir sem hjú.<br>Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi veri heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann eða honum hafi verið gefinn hann upp.<br>Með lögum má afnema auka-útsvarsgreiðsluna eptir stafl. B. sem skilyrði fyrir kosningarjetti. | Kosningarjett til óhlutbundinnar kosningar til Alþingi hafa karlar og konur, sem fædd eru hjer á landi eða hafa átt hjer lögheimili síðastliðin 5 ár og eru 25 ára, er kosningin fer fram; þó getur enginn átt kosningarjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sje fjár síns ráðandi enda ekki í skuld fyrir þegin sveitarstyrk. Ennfremur eru þau skilyrði sett, að hinir nýju kjósendur, konur, og þeir karlmenn, er ekki hafa kosningarjett samkvæmt stjórnskipunarlögunum frá 1903, fái ekki rjett þann, er hjer ræðir um, öll í einu, heldur þannig, að þegar semja á alþingiskjörskrá í næsta sinn, eftir að lög þessi eru komin í gildi, skal setja á kjörskrána þá nýju kjósendur eina, sem eru 40 ára eða eldri, og að öðru leyti fullnægja hinum almennu skilyrðum til kosningarjettar. Næsta ár skal á sama hátt bæta við þeim nýjum kjósendum sem eru 39 ára, og svo framvegis, lækka aldursmarkið um eitt ár í hvert sinn, til þess er allir kjósendur, konur sem karlar, hafa náð kosningarjetti, svo sem segir í upphafi þessarar greinar.<br>Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir ekki konan kosningarjett sinn fyrir því.<br>Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 35 ára eða eldri, kosningarjett til hlutbundinna kosninga. Að öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna í efri deild. |

**33. gr. Kosningaréttur við alþingiskosningar frh.**

| | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | | Lýðveldisstjórnarskráin | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 29. gr. 1920 | Breytt með 4. gr. 1934 | 33. gr. 1944 | Breytt með 1. gr. 1968 | Breytt með 2. gr. 1984 |
| Texti greinar | Kosningarjett við kosningar til Alþingi í sjerstökum kjördæmum hafa allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri, er kosningin fer fram, og hafa ríkisborgararjett hér á landi og verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram. Þó getur enginn átt kosningarjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sje fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þegin sveitarstyrk.<br>Gift kona telst fjár síns ráðandi þótt hún eigi óskilið fjárhag með manni sínum.<br>Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 35 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga um land alt. Að öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna í efri deild. | Kosningarétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjárráður.<br>Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.<br>Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar. | Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs að aldri eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í Jandinu síðustu finmi árin áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjárráður.<br>Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.<br>Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar. | Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 20 ára eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa íslenzkan rikisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé eigi sviptur lögræði.<br>Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar. | Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri, þegar kosning fer fram, og hafa íslenskan ríkisborgararétt.<br>Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.<br>Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum |

## 34. gr. Kjörgengi við alþingiskosningar

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | |
|---|---|---|---|---|
| | 18. gr. 1874 | Breytt með 11. gr. 1915 | 30. gr. 1920 | Breytt með 5. gr. 1934 |
| Texti greinar | Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarjett samkvæmt því, sem nú var sagt, ef að hann<br>1. ekki er þegn annars ríkis eða að öðru leyti er í þjónustu þess;<br>2. hefur að minnsta kosti í síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi; og<br>3. sje orðinn fullra 30 ára að aldri þegar kosningin fer fram. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefur verið þar skemur en eitt ár.<br>Hinar nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningalögunum. | Kjörgengur við óhlutbundnar kosningar er hver sá, sem kosningarjett á til þeirra; kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur átt þar heima skemur en eitt ár. Kjörgengur við hlutbundnar kosningar er hver sá, er kosningarjett á til þeirra. Heimilisfesta innan lands er skilyrði fyrir kjörgengi, bæði við hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar.<br>Þeir dómendur, er hafa ekki umboðsstörf á hendi, eru þó hvorki kjörgengir til neðri nje efri deildar. | Kjörgengur við kosningar í sjerstökum kjördæmum er hver ríkisborgari, sem kosningarjett á til þeirra. Kjósa má samt þann mann sem á heima utan kjördæmis, eða hefur átt heima í kjördæminu skemur en 1 ár.<br>Með sömu skilyrðum hefir maður, karl eða kona, 35 ára eða eldri, kjörgengi við hlutbundnar kosningar um land alt.<br>Þeir dómendur, er ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir. | Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarétt á til þeirra.<br>Þeir dómendur, er ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Kjörgengur ~~til alþingis~~**við óhlutbundnar kosningar** er hver sá, sem ~~hefur~~ kosningarjett ~~samkvæmt því, sem nú var sagt, ef að hann~~<br>~~1. ekki er þegn annars ríkis eða að öðru leyti er í þjónustu þess;~~<br>~~2. hefur að minnsta kosti í síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi; og~~<br>~~3. sje orðinn fullra 30 ára að aldri þegar kosningin fer fram. Kjósa~~**á til þeirra; kjósa** má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis**,** eða hefur ~~verið~~**átt** þar **heima** skemur en eitt ár. **Kjörgengur við hlutbundnar kosningar er hver sá, er kosningarjett á til þeirra. Heimilisfesta innan lands er skilyrði fyrir kjörgengi, bæði við hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar.**<br>~~Hinar nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningalögunum.~~**Þeir dómendur, er hafa ekki umboðsstörf á hendi, eru þó hvorki kjörgengir til neðri nje efri deildar.** | Kjörgengur við ~~óhlutbundnar~~ kosningar **í sjerstökum kjördæmum** er hver ~~sá~~**ríkisborgari**, sem kosningarjett á til þeirra~~; kjósa~~**. Kjósa** má samt þann mann~~,~~ sem á heima utan kjördæmis, eða hefur átt ~~þar~~ heima **í kjördæminu** skemur en ~~eitt~~**1** ár. ~~Kjörgengur~~**Með sömu skilyrðum hefir maður, karl eða kona, 35 ára eða eldri, kjörgengi** við hlutbundnar kosningar ~~er hver sá, er kosningarjett á til þeirra. Heimilisfesta innan lands er skilyrði fyrir kjörgengi, bæði við hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar.~~**um land alt.**<br>Þeir dómendur, er **ekki** hafa ~~ekki~~ umboðsstörf á hendi, eru þó ~~hvorki~~**ekki** kjörgengir ~~til neðri nje efri deildar~~. | Kjörgengur við kosningar ~~í sjerstökum kjördæmum~~**til Alþingis** er hver ríkisborgari, sem ~~kosningarjett~~**kosningarétt** á til þeirra. ~~Kjósa má samt þann mann sem á heima utan kjördæmis, eða hefur átt heima í kjördæminu skemur en 1 ár. Með sömu skilyrðum hefir maður, karl eða kona, 35 ára eða eldri, kjörgengi við hlutbundnar kosningar um land alt.~~<br>Þeir dómendur, er ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir. |

**34. gr. Kjörgengi við alþingiskosningar frh.**

| | Lýðveldisstjórnarskráin | | |
|---|---|---|---|
| | 33. gr. 1944 | Breytt með 2. gr. 1984 | Breytt með 8. gr. 1991 |
| Texti greinar | Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt á til þeirra.<br>Þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir. | Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.<br>Þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir. | Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.<br>Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | [Óbreytt] | Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver **sá** ríkisborgari~~,~~ sem kosningarrétt á til þeirra **og hefur óflekkað mannorð**.<br>Þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir. | Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.<br>~~Þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi,~~**Hæstaréttardómarar** eru þó ekki kjörgengir. |

## 35. gr. Samkomudagur Alþingis

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | | | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 19. gr. 1874 | Breytt með 7. gr. 1903 | Breytt með 12. gr. 1915 | 31. gr. 1920 | 35. gr. 1944 | Breytt með 9. gr. 1991 |
| Texti greinar | Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár. | Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annað hvert ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár. Breyta má þessu með lögum. | Reglulegt Alþingi skal saman koma lögmæltan dag annaðhvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrir það ár. Breyta má þessu með lögum.<br>Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar, að aukaþing sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Eigi má það þing lengur sitja en 4 vikur, án samþykkis konungs. | Reglulegt Alþingi skal saman koma ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar, eða næsta virka dag, ef helgidagur er, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyr á árinu.<br>Breyta má þessu með lögum. | Reglulegt Alþingi skal saman koma ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti lýðveldisins ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.<br>Breyta má þessu með lögum. | Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er og stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabil alþingismanna ekki áður runnið út eða þing verið rofið.<br>Samkomudegi reglulegs Alþingis má breyta með lögum. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði ~~annaðhvort~~**annað hvert** ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár. **Breyta má þessu með lögum.** | ~~Hið reglulega alþingi~~**Reglulegt Alþingi** skal ~~koma~~ saman ~~fyrsta virkan~~**koma lögmæltan** dag ~~í júlímánuði annað hvert~~**annaðhvort** ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag ~~sama~~**fyrir það** ár. Breyta má þessu með lögum.<br>**Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar, að aukaþing sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Eigi má það þing lengur sitja en 4 vikur, án samþykkis konungs.** | Reglulegt Alþingi skal saman koma ~~lögmæltan dag annaðhvort ár~~**ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar, eða næsta virka dag, ef helgidagur er**, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag ~~fyrir það ár.~~ **fyr á árinu.** Breyta má þessu með lögum.<br>~~Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar, að aukaþing sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Eigi má það þing lengur sitja en 4 vikur, án samþykkis konungs.~~ | Reglulegt Alþingi skal saman koma ár hvert hinn 15. dag ~~febrúarmánaðar,~~**febrúarm ánaðar** eða næsta ~~virka~~**virkan** dag, ef helgidagur er, hafi ~~konungur~~**forseti lýðveldisins** ekki tiltekið annan samkomudag ~~fyr~~**fyrr** á árinu.<br>Breyta má þessu með lögum. | Reglulegt Alþingi skal **koma** saman ~~koma~~ ár hvert hinn ~~15.~~**fyrsta** dag ~~febrúarm~~ **októberm**ánaðar eða næsta virkan dag~~,~~ ef helgidagur er~~,~~ **og stendur til jafnlengdar næsta árs** hafi ~~forseti lýðveldisins~~**kjörtímabil alþingismanna** ekki ~~tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.~~**áður runnið út eða þing verið rofið.** ~~Breyta~~**Samkomudegi reglulegs Alþingis** má ~~þessu~~**breyta** með lögum. |

## 36. gr. Friðhelgi þingsins

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|---|
| | | Nýtt ákvæði 13. gr. 1915 | 32. gr. 1920 | 36. gr. 1944 |
| Texti greinar | | Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess nje frelsi. | Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess nje frelsi. | Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | | [Óbreytt] | [Óbreytt (stafsetning uppfærð)] |

## 37. gr. Samkomustaður Alþingis

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | 20. gr. 1874 | 33. gr. 1920 | 37. gr. 1944 |
| Texti greinar | Samkomustaður alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sjerstaklega er ástatt, getur konungur skipað fyrir um, að alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi. | Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sjerstaklega er ástatt, getur konungur skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi. | Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt, getur forseti lýðveldisins skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | [Óbreytt (stafsetning uppfærð)] | Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar ~~sjerstaklega~~**sérstaklega** er ástatt, ~~-~~getur ~~konungur~~**forseti lýðveldisins** skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi. |

**38. gr. Uppburður mála í þinginu**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|
| | 21. gr. 1874 | 34. gr. 1920 | 38. gr. 1944 | Breytt með 10. gr. 1991 |
| Texti greinar | Hvor alþingisdeildin um sig á rjett á að stinga upp á lagaboðum og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi ávörp. | Hvor deild hefur rjett til að bera fram og samþykkja fyrir sitt leyti frumvörp til laga og annara samþykta. Einnig má hvor þingdeild, eða sameinað Alþingi, senda konungi ávörp. | Hvor deild hefur rétt til að bera fram og samþykkja fyrir sitt leyti frumvörp til laga og annarra samþykkta. Einnig má hvor þingdeild eða sameinað Alþingi senda forseta lýðveldisins ávörp. | Rétt til að flytja frumvörp til laga og tillögur til ályktana hafa alþingismenn og ráðherrar. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Hvor ~~alþingisdeildin um sig á~~**deild hefur** rjett ~~á~~**til** að ~~stinga upp á lagaboðum~~**bera fram** og samþykkja ~~þau~~ fyrir sitt leyti~~; einnig~~ **frumvörp til laga og annara samþykta. Einnig** má hvor þingdeild~~in fyrir sig~~**, eða sameinað Alþingi,** senda konungi ávörp. | Hvor deild hefur ~~rjett~~**rétt** til að bera fram og samþykkja fyrir sitt leyti frumvörp til laga ~~-~~og ~~annara samþykta.~~**annarra samþykkta.** Einnig má hvor þingdeild~~,~~ eða sameinað Alþingi~~,~~ senda ~~konungi~~**forseta lýðveldisins** ávörp. | ~~Hvor deild hefur rétt til að bera fram og samþykkja fyrir sitt leyti frumvörp til laga og annarra samþykkta. Einnig má hvor þingdeild eða sameinað Alþingi senda forseta lýðveldisins ávörp.~~**Rétt til að flytja frumvörp til laga og tillögur til ályktana hafa alþingismenn og ráðherrar.** |

## 39. gr. Rannsóknarnefndir Alþingis

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|
| | 22. gr. 1874 | 35. gr. 1920 | 39. gr. 1944 | Breytt með 11. gr. 1991 |
| Texti greinar | Hvor þingdeildin fyrir sig getur sett nefndir af þingmönnum til þess, meðan þingið stendur yfir, að rannsaka málefni, sem eru áríðandi fyrir almenning. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. | Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarþingmönnum til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett til að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. | Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarþingmönnum til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. | Alþingi getur skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Hvor þingdeild~~in fyrir sig~~ getur ~~sett~~**skipað** nefndir ~~af~~ **innandeildar**þingmönnum til ~~þess, meðan þingið stendur yfir,~~ að rannsaka ~~málefni, sem eru áríðandi fyrir~~**mikilvæg mál, er** almenning **varða**. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett ~~á~~**til** að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. | [Óbreytt (stafsetning uppfærð)] | ~~Hvor þingdeild~~**Alþingi** getur skipað nefndir ~~innandeildarþingmönnum~~**alþingismanna** til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. ~~Þingdeildin~~**Alþingi** getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. |

**40. gr. Um skattlagningu**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | 23. gr. 1874 | 36. gr. 1920 | 40. gr. 1944 |
| Texti greinar | Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje aftaka nema með lagaboði; ekki má heldur taka lán, er skuldbindi Ísland, nje selja eða með öðru móti láta af hendi neina af jarðareignum landsins, nema slíkt sje með lagaboði ákveðið. | Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje af taka, nema með lögum; eigi má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, nje selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins nje afnotarjett þeirra, nema samkvæmt lagaheimild. | Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje ~~aftaka~~**af taka,** nema með ~~lagaboði; ekki~~**lögum; eigi** má heldur taka lán, er skuldbindi ~~Ísland~~**ríkið**, nje selja eða með öðru móti láta af hendi neina af ~~jarðareignum~~**fasteignum** landsins **nje afnotarjett þeirra**, nema ~~slíkt sje með lagaboði ákveðið~~**samkvæmt lagaheimild.**. | [Óbreytt (stafsetning uppfærð)] |

**41. gr. Útgjöld ríkisins**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | 24. gr. 1874 | 37. gr. 1920 | 41. gr. 1944 |
| Texti greinar | Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. | Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. | Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | [Óbreytt] | [Óbreytt (stafsetning óbreytt)] |

## 42. gr. Fjárlög og afgreiðsla þeirra

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | | |
|---|---|---|---|
| | 25. gr. 1874 | Breytt með 8. gr. 1903 | Breytt með 14. gr. 1915 |
| Texti greinar | Fyrir hvert reglulegt alþingi, undir eins og það er samankomið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir tveggja ára fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal<br>telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar 1871, 5. gr., sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sjerstaklegu gjalda Íslands, þó þannig að greiða skuli fyrir fram af tillagi þessu<br>útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands, og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, eins og  þau verða ákveðin af konunginum.<br>Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvörðunum, skulu, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, bæði í frumvarpinu til fjárlaganna og í þeim sjálfum færð til með þeim upphæðum, sem einusinni<br>eru ákveðnar, nema krafizt sje sjerstaklega viðbótar fyrir hið einstaka fjárhagstímabil eða hún veitt.<br>Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis. | Fyrir hvert reglulegt alþingi, undir eins og það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland, fyrir tveggja ára fjárhagstímabil, sem í hönd fer.  Með tekjunum skal telja tillag það, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar 1871, 5. gr., sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði  til hinna sjerstaklegu gjalda Íslands.<br>Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvörðunum, skulu, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, bæði í frumvarpinu til fjárlaganna og í þeim sjálfum færð til með þeim upphæðum, sem einusinni eru ákveðnar, nema krafizt sje sjerstaklega viðbótar fyrir hið einstaka fjárhagstímabil eða hún veitt.<br>Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis. | Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, undir eins og það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagstímabil, sem í hönd fer.<br>Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvörðunum, skulu, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, bæði í frumvarpinu til fjárlaganna og í þeim sjálfum færð til með þeim upphæðum, sem einusinni eru ákveðnar, nema krafizt sje sjerstaklega viðbótar fyrir hið einstaka fjárhagstímabil eða hún veitt.<br>Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nje heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fjelagsskyldu.<br>**Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarrar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.**<br>**Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið gjöld, þau er honum hefði ella borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkenndur sje í landinu.**<br>**Breyta má þessu með lögum.** | [Óbreytt] | [Óbreytt (stafsetning uppfærð)] | Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri ~~félagsskyldu~~**þegnskyldu**.<br>**Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga.**<br>Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til ~~neinnar annarrar guðsdýrkunnar en þeirrar, er~~ **trúfélags sem** hann ~~sjálfur aðhyllist~~**á ekki aðild að**.<br>Nú er maður utan ~~þjóðkirkjunnar,~~**trúfélaga** og ~~geldur~~**greiðir** hann þá til Háskóla Íslands ~~eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið,~~ gjöld þau~~, er~~ **sem** honum ~~ella~~ hefði **ella** borið að greiða til ~~þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkenndur sé í landinu.~~ **trúfélags síns.**<br>Breyta má þessu með lögum. |

**65. gr. Jafnræðisregla**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 60. gr. 1874 | Breytt með 20. gr. 1915 | 74. gr. 1920 | 78. gr. 1944 | Nýtt ákvæði 3. gr 1995 (mannr.) |
| Texti greinar | Öll sjerstakleg rjettindi, er lögin hafa bundið við aðal, nafnbætur og tign, skulu vera af tekin. | Sjerréttindi, er bundin sje við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi lögleiða. | Sjerréttindi, er bundin sjeu við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi taka í lög. | Sérréttindi, er bundin séu við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi taka í lög. | Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.<br>Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | ~~Öll sjerstakleg rjettindi, er lögin hafa bundið við aðal, nafnbætur og tign, skulu vera af tekin.~~**Sjerréttindi, er bundin sje við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi lögleiða.** | Sjerréttindi, er bundin ~~sje~~**sjeu** við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi ~~lögleiða.~~**taka í lög.** | [Óbreytt (stafsetning uppfærð)] | ~~Sérréttindi, er bundin séu við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi taka í lög.~~**Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.**<br>**Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.** |

**66. gr. Ríkisborgararéttur, dvalar- og ferðafrelsi**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|
| | | | | Nýtt ákvæði 4. gr. 1995 (mannr.) |
| Texti greinar | | | | Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. Útlendingi verður aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum.<br>Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.<br>Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku.<br>Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. |

### 67. gr. Um frelsissviptingu

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland |
|---|---|---|---|
| | 48. gr. 1874 | Breytt með 19. gr. 1915 | 61. gr. 1920 |
| Texti greinar | Sjerhver sá, sem tekinn er fastur, skal leiddur fyrir dómara svo fljótt sem auðið er. Megi þá eigi jafnskjótt láta hann lausan aptur, ber dómaranum svo fljótt sem verður, og í seinasta lagi áður en 3 dagar sjeu liðnir frá því, að sá, sem tekinn er fastur, var leiddur fyrir dómara, að leggja á úrskurð, er byggður sje á tilgreindum ástæðum, um hvort hann skuli settur í varðhald, og megi láta hann lausan móti veði, þá skal ákveðið í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera. | Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sje hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.<br>Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.<br>Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi. | Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sje hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.<br>Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.<br>Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | ~~Sjerhver sá~~**Hvern þann**, sem tekinn er fastur, skal ~~leiddur~~**án undandráttar leiða** fyrir dómara~~ svo fljótt sem auðið er. Megi þá ~~**.** **Sje hann** eigi jafnskjótt ~~láta hann lausan aptur, ber dómaranum svo fljótt sem verður, og í seinasta lagi~~**látinn laus, skal dómari,** áður ~~en 3 dagar sjeu liðnir frá því, að sá, sem tekinn er fastur, var leiddur fyrir dómara, að~~**sólarhringur sje liðinn,** leggja ~~á~~**rökstuddan** úrskurð~~, er byggður sje~~ á~~ tilgreindum ástæðum, um~~ **,** hvort hann skuli settur í varðhald~~, og megi ~~**. Megi** láta hann lausan ~~móti~~**gegn** veði, þá skal ~~ákveðið~~**ákveða** í úrskurði~~num~~, hvert ~~eða ~~**og** hversu mikið það skuli vera.<br>**Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.**<br>**Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.** | [Óbreytt] |

## 67. gr. Um frelsissviptingu frh.

| | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|
| | 65. gr. 1944 | Breytt með 5. gr. 1995 (mannr.) |
| Texti greinar | Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann eigi jafnskjótt látin laus, skal dómari, áður sólarhringur sé liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.<br>Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.<br>Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er aðeins varðar fésekt eða einföldu fangelsi. | Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.<br>Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.<br>Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver hún eigi að vera.<br>Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.<br>Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | [Óbreytt (stafsetning uppfærð)] | **Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.**<br>**Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.**<br>Hvern þann~~, sem tekinn er fastur,~~ **sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi** skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ~~eigi~~ **ekki** jafnskjótt ~~látin~~**látinn** laus~~,~~ skal dómari, áður **en** sólarhringur ~~sé~~ **er** liðinn, ~~leggja rökstuddan úrskurð á,~~**ákveða með rökstuddum úrskurði** hvort hann skuli ~~settur í~~**sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða** varðhald. ~~Megi~~**Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að** láta hann lausan gegn ~~veði, þá~~**tryggingu** skal ákveða í ~~úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli~~**dómsúrskurði hver hún eigi að** vera.<br>~~Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.~~<br>~~Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er aðeins varðar fésekt eða einföldu fangelsi.~~**Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.**<br>**Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.** |

**68. gr. Mannúðleg meðferð**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|
| | | | | Nýtt ákvæði 6. gr. 1995 (mannr.) |
| Texti greinar | | | | Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.<br>Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. |

**69. gr. Refsing byggi á lögum**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|
| | | | | Nýtt ákvæði 7. gr. 1995 (mannr.) |
| Texti greinar | | | | Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi.<br>Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað.<br>Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. |

**70. gr. Úrlausn um réttindi og skyldur**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|
| | | | | Nýtt ákvæði 8. gr. 1995 (mannr.) |
| Texti greinar | | | | Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.<br>Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. |

## 71. gr. Friðhelgi einkalífs og heimilis

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|
| | 49. gr. 1874 | 62. gr. 1920 | 66. gr. 1944 | Breytt ákvæði 9. gr. 1995 (mannr.) |
| Texti greinar | Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit, nje kyrsetja brjef og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eptir dómsúrskurði, ef lögin ekki gjöra sjerlega undantekning. | Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit, nje kyrrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eftir dómsúrskurði eða eftir sjerstakri lagaheimild. | Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit né kyrrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau nema eftir dómsúrskurði eða eftir sérstakri lagaheimild. | Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.<br>Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.<br>Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Heimilið er friðheilagt. Ekki má ~~gjöra~~**gera** húsleit, nje ~~kyrsetja brjef~~**kyrrsetja bréf** og önnur skjöl og rannsaka þau, nema ~~eptir~~**eftir** dómsúrskurði~~, ef lögin ekki gjöra sjerlega undantekning.~~ **eða eftir sjerstakri lagaheimild.** | [Óbreytt (stafsetning óbreytt)] | ~~Heimilið er friðheilagt.~~ **Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.** Ekki má gera ~~húsleit né kyrrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau~~**líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum,** nema ~~eftir~~**samkvæmt** dómsúrskurði eða ~~eftir~~ sérstakri lagaheimild. **Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.**<br>**Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.** |

## 72. gr. Friðhelgi eignarréttarins

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|
| | 50. gr. 1874 | 63.-64. gr. 1920 | 67.-68. gr. 1944 | Breytt ákvæði 10. gr. 1995 (mannr.) |
| Texti greinar | Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagaboð og komi fullt verð fyrir. | 63. gr.<br>Eignarjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.<br><br>64. gr.<br>Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararjett nema með lögum.<br>Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignarjettindi hjer á landi skal skipað með lögum. | 67. gr.<br>Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir.<br><br>68. gr.<br>Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum.<br>Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignaréttindi hér á landi skal skipað með lögum. | Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.<br>Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | ~~Eignarrjetturinn~~**Eignarjetturinn** er friðhelgur.~~ ~~ Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess ~~lagaboð~~**lagafyrirmæli** og komi fullt verð fyrir.<br>**Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararjett nema með lögum.**<br>**Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignarjettindi hjer á landi skal skipað með lögum.** | [Óbreytt (stafsetning uppfærð)] | Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína~~,~~ nema almenningsþörf krefji~~; þarf~~**. Þarf** til þess lagafyrirmæli~~,~~ og komi fullt verð fyrir.<br>~~Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með~~**Með** lögum~~.~~<br>~~Um heimild útlendinga~~ **má takmarka rétt erlendra aðila** til ~~þess~~ að eiga fasteignaréttindi **eða hlut í atvinnufyrirtæki** hér á landi~~ skal skipað með lögum~~. |

**73. gr. Skoðana- og tjáningarfrelsi**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|
| | 54. gr. 1874 | 68. gr. 1920 | 72. gr. 1944 | Breytt ákvæði 11. gr. 1995 (mannr.) |
| Texti greinar | Hver maður á rjett á að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsið má aldrei innleiða. | Hver maður á rjett á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða. | Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða. | Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.<br>Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.<br>Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Hver maður á rjett á að láta í ljós~~i~~ hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi.~~-~~ Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi~~ð~~ má aldrei ~~inn~~**í lög** leiða. | [Óbreytt (stafsetning uppfærð)] | **Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.**<br>Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar~~ á prenti; þó ~~**, en ábyrgjast** verður hann ~~að ábyrgjast ~~þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar **sambærilegar** tálmanir ~~fyrir prentfrelsi~~**á tjáningarfrelsi** má aldrei í lög leiða.<br>**Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.** |

## 74. gr. Félaga- og fundafrelsi

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|
| | 55.-56. gr. 1874 | 69.-70. gr. 1920 | 73.-74. gr. 1944 | Breytt ákvæði 12. gr. 1995 (mannr.) |
| Texti greinar | 55. gr.<br>Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að leyfi þurfi að sækja til þess. Ekkert fjelag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelög um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn fjelaginu, til þess það verði leyst upp.<br><br>56. gr.<br>Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir. | 69. gr.<br>Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sérhverjum löglegum tilgangi, án þess að sækja þurfi um leyfi til þess. Ekkert fjelag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn fjelaginu, til þess að það verði leyst upp.<br><br>70. gr.<br>Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir. | 73. gr.<br>Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, án þess að sækja þurfi um leyfi til þess. Ekkert félag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna félag um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn félaginu, til þess að það verði leyst upp.<br><br>74. gr.<br>Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir. | Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.<br>Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.<br>Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Rjett eiga menn á að stofna fjelög í ~~sjerhverjum~~**sérhverjum** löglegum tilgangi, án þess að **sækja þurfi um** leyfi ~~þurfi að sækja~~ til þess.~~-~~ Ekkert fjelag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna ~~fjelög~~**fjelag** um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn fjelaginu, til þess **að** það verði leyst upp.<br><br>Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir. | [Óbreytt (stafsetning uppfærð)] | Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, **þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög,** án þess að sækja ~~þurfi~~ um leyfi til þess. ~~Ekkert félag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna félag um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn félaginu, til þess að það verði leyst upp~~**Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds.**<br>**Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi**.<br>**Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.**<br>Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. ~~Lögreglustjórninni~~**Lögreglunni** er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni~~, þegar~~ **ef** uggvænt þykir~~,~~ að af þeim leiði óspektir. |

**75. gr. Atvinnufrelsi**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|
| | 51. gr. 1874 | 65. gr. 1920 | 69. gr. 1944 | Breytt ákvæði 13. gr. 1995 (mannr.) |
| Texti greinar | Öll bönd þau, er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal af taka með lagaboði. | Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til. | Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til. | Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.<br>Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | ~~Öll bönd þau, er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal af taka með lagaboði.~~**Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.** | [Óbreytt] | ~~Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.~~**Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.**<br>**Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu.** |

## 76. gr. Félagsleg réttindi

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|
| | 52.-53. gr. 1874 | 66.-67. gr. 1920 | 70.-71. gr. 1944 | Breytt ákvæði 14. gr. 1995 (mannr.) |
| Texti greinar | 52. gr.<br>Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skyldu-ómagi annars manns, skal eiga rjett á að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera skyldum þeim, er lögin áskilja.<br><br>53. gr.<br>Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín eður sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda hins opinbera að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri. | 66. gr.<br>Sá skal eiga rjett á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær sjeð fyrir sjer og sínum, og sje eigi öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, er lög áskilja.<br><br>67. gr.<br>Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafje. | 70. gr.<br>Sá skal eiga rétt á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær séð fyrir sér og sínum, og sé eigi öðrum skylt að fram færa hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, sem lög áskilja.<br><br>71. gr.<br>Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín eða séu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og fram færi af almannafé. | Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.<br>Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.<br>Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Sá~~, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skyldu-ómagi annars manns,~~ skal eiga rjett á ~~að fá~~ styrk úr almennum sjóði, **sem eigi fær sjeð fyrir sjer og sínum, og sje eigi öðrum skylt að framfæra hann,** en þá skal hann ~~háður~~ vera skyldum þeim **háður**, er lög~~in~~ áskilja.<br><br>Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín~~ eður~~**, eða** sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er ~~það skylda hins opinbera~~**skylt** að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri **af almannafje**. | Sá skal eiga ~~rjett~~**rétt** á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær ~~sjeð~~**séð** fyrir ~~sjer~~**sér** og sínum, og ~~sje~~**sé** eigi öðrum skylt að ~~fram~~**fram** færa hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, ~~er~~**sem** lög áskilja.<br><br>Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín~~,~~ eða ~~sjeu~~**séu** börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og ~~fram~~**fram** færi af ~~almannafje.~~**almannafé.** | ~~Sá skal eiga rétt á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær séð fyrir sér og sínum, og sé eigi öðrum skylt að fram færa hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, sem lög áskilja. Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín eða séu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og fram færi af almannafé.~~**Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.**<br>**Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.**<br>**Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.** |

**77. gr. Skattamál**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|
| | 59. gr. 1874 | 73. gr. 1920 | 77. gr. 1944 | Breytt ákvæði 15. gr. 1995 (mannr.) |
| Texti greinar | Skattgjalda-málum skal koma fyrir með lagaboði. | Skattamálum skal skipa með lögum. | Skattamálum skal skipa með lögum. | Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | ~~Skattgjalda-~~**Skatta**málum skal ~~koma fyrir~~**skipa** með ~~lagaboði.~~**lögum.** | [Óbreytt] | Skattamálum skal ~~skipa~~**skipað** með lögum. **Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.** **Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.** |

**78. gr. Um sveitarfélög**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|---|---|
| | 58. gr. 1874 | 72. gr. 1920 | 76. gr. 1944 | Nýtt ákvæði 16. gr. 1995 (mannr.) |
| Texti greinar | Rjetti sveitarfjelaganna ti að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lagaboði. | Rjetti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum. | Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum. | Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.<br>Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Rjetti ~~sveitarfjelaganna ti~~**sveitarfélaganna til** að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með ~~lagaboði.~~**lögum.** | ~~Rjetti~~**Rétti** sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum. | ~~Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.~~**Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.**<br>**Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.** |

**79. gr. Breytingaákvæði**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | |
|---|---|---|---|---|
| | 61. gr. 1874 | Breytt með 21. gr. 1915 | 76. gr. 1920 | Breytt með 1. gr. í des. 1942 |
| Texti greinar | Uppástungur, hvort heldur er til breytinga eður viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp, bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái uppástungan um breytingu á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal leysa alþingi upp þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefur hún gildi sem stjórnarlög. | Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp, bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefur hún gildi sem stjórnskipuarlög.<br>Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþyktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. | Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka í stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga að nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefur hún gildi sem stjórnskipunarlög.<br>Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandslögum Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.<br>Sama skal og gilda, ef lagabreyting verður gerð á kirkjuskipaninni samkvæmt 58. gr. | Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka í stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga að nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefur hún gildi sem stjórnskipunarlög.<br>Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandslögum Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.<br>Sama skal og gilda, ef lagabreyting verður gerð á kirkjuskipaninni samkvæmt 58. gr.<br>Þegar Alþingi samþykkir þá breytingu á stjórnskipulagi Íslands, sem greinir í ályktunum þess frá 17. maí 1941, hefur sú samþykkt eins þings gildi sem stjórnskipunarlög, er meiri hluti allra kosningabærra manna í landinu hefur með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt hana. Þó er óheimilt að gera með þessum hætti nokkrar aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær, sem beinlínis leiðir af sambandsslitunum við Danmörku og því, að Íslendingar taka með stofnun lýðveldis til fullnustu í sínar hendur æðsta vald í málefnum ríkisins. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | ~~Uppástungur~~**Tillögur**, hvort ~~heldur er~~**sem eru** til breytinga ~~eður~~**eða** viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp, bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái ~~uppástungan um breytingu á stjórnarskránni~~**tillagan** samþykki beggja þingdeildanna, skal ~~leysa alþingi upp~~**rjúfa Alþingi** þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki ~~hið nýkosna alþingi~~**báðar deildir þingsins** ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefur hún gildi sem ~~stjórnarlög.~~**stjórnskipuarlög.**<br>**Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþyktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.** | Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka ~~á~~ **í** stjórnarskrá þessari, má bera upp~~,~~ bæði á reglulegu ~~alþingi~~ **Alþingi** og auka-~~alþingi.~~ **Alþingi.** Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga ~~af~~**að** nýju.~~-~~ Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefur hún gildi sem ~~stjórnskipuarlög.~~ **stjórnskipunarlög.**<br>Nú samþykkir Alþingi breyting á ~~sambandinu milli~~**sambandslögum** Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til ~~samþyktar~~**samþykktar** eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.<br>**Sama skal og gilda, ef lagabreyting verður gerð á kirkjuskipaninni samkvæmt 58. gr.** | Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka í stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga að nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefur hún gildi sem stjórnskipunarlög.<br>Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandslögum Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.<br>Sama skal og gilda, ef lagabreyting verður gerð á kirkjuskipaninni samkvæmt 58. gr.<br>**Þegar Alþingi samþykkir þá breytingu á stjórnskipulagi Íslands, sem greinir í ályktunum þess frá 17. maí 1941, hefur sú samþykkt eins þings gildi sem stjórnskipunarlög, er meiri hluti allra kosningabærra manna í landinu hefur með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt hana. Þó er óheimilt að gera með þessum hætti nokkrar aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær, sem beinlínis leiðir af sambandsslitunum við Danmörku og því, að Íslendingar taka með stofnun lýðveldis til fullnustu í sínar hendur æðsta vald í málefnum ríkisins.** |

**79. gr. Breytingaákvæði frh.**

| | Lýðveldisstjórnarskráin | |
|---|---|---|
| | 79. gr. 1944 | Nýtt ákvæði 27. gr. 1991 |
| Texti greinar | Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeilda, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.<br>Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. | Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.<br>Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka ~~í~~ **á** stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeilda~~nna~~, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga ~~að~~ **af** nýju. Samþykki báðar deildir ~~þingsins~~ ályktunina óbreytta, ~~og nái~~ **skal** hún ~~staðfestingu konungs, þá hefur~~ **staðfest af forseta lýðveldisins, og er** hún ~~gildi sem~~**þá gild** stjórnskipunarlög.<br>~~Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandslögum Íslands og Danmerkur,~~**Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr.,** og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra ~~kosningabærra~~**kosningarbærra** manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.<br>~~Sama skal og gilda, ef lagabreyting verður gerð á kirkjuskipaninni samkvæmt 58. gr.~~<br>~~Þegar Alþingi samþykkir þá breytingu á stjórnskipulagi Íslands, sem greinir í ályktunum þess frá 17. maí 1941, hefur sú samþykkt eins þings gildi sem stjórnskipunarlög, er meiri hluti allra kosningabærra manna í landinu hefur með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt hana. Þó er óheimilt að gera með þessum hætti nokkrar aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær, sem beinlínis leiðir af sambandsslitunum við Danmörku og því, að Íslendingar taka með stofnun lýðveldis til fullnustu í sínar hendur æðsta vald í málefnum ríkisins.~~ | Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki ~~beggja þingdeilda~~, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki ~~báðar deildir~~**Alþingi** ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.<br>Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. |

**80. gr. Niðurfellingarákvæði (nú auð grein)**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | | | Nýtt ákvæði 80. gr. 1944 |
| Texti greinar | | | Með stjórnarskipunarlögum þessum eru úr gildi numin stjórnarskrá konungsríkisins Íslands frá 18. maí 1920, stjórnarskipunarlög frá 24. mars 1934, 1. september 1942 og 15. desember 1942. |

**81. gr. Gildistaka (og niðurfelling)**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | Lýðveldisstjórnarskráin |
|---|---|---|---|
| | 62. gr. 1874 | 77. gr. 1920 | 81. gr. 1944 |
| Texti greinar | Stjórnarskrá þessi öðlast gildi 1. dag ágústmán. 1874, jafnhliða hinum nákvæmari reglum til bráðabirgða, sem leiðir af þeim ákvörðunum um stundarsakir, sem hjer koma á eptir. | Stjórnarskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 1921. Samtímis falla úr gildi stjórnarskrá um hin sjerstöku málefni Íslands 5. janúar 1874 og stjórnskipunarlög 3. okt. 1903 og 19. júní 1915, um breyting á henni. | Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt þau. |
| Breyting texta frá fyrri mynd hans. Blár feitletraður texti er nýr, en rauðum strikuðum hefur verið eytt. | | Stjórnarskrá þessi öðlast gildi 1. ~~dag ágústmán. 1874, jafnhliða hinum nákvæmari reglum til bráðabirgða, sem leiðir af þeim ákvörðunum um stundarsakir, sem hjer koma á eptir.~~**janúar 1921. Samtímis falla úr gildi stjórnarskrá um hin sjerstöku málefni Íslands 5. janúar 1874 og stjórnskipunarlög 3. okt. 1903 og 19. júní 1915, um breyting á henni.** | ~~Stjórnarskrá~~**Stjórnarskipunarlög** þessi öðlast gildi~~ 1. janúar 1921. Samtímis falla úr gildi stjórnarskrá~~**, þegar Alþingi gerir** um ~~hin sjerstöku málefni Íslands 5. janúar 1874 og stjórnskipunarlög 3. okt. 1903 og 19. júní 1915, um breyting á henni.~~**það ályktun, enda hafi meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt þau.** |

**Ákvæði um stundarsakir**

| | Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands | | |
|---|---|---|---|
| | 1874 | 1903 | 1915 |
| Texti greinar | 1. Þangað til öðruvísi verður fyrir mælt með lögum, skulu kosningarlögin 6. janúar 1857, sbr. tilskipun 8. marz 1843, framvegis gilda um kosningarnar til alþingis að öðru leyti en því, sem leiðir af 14., 17. og 18. grein í lögum þessum. - Þeirri tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna, sem ákvörðuð er í hinni fyrstu greininni, skal, þangað til öðruvísi verður fyrir mælt með lögum, skipt þannig niður, að þær sýslur, er nú skal greina: 1) Gullbringu- og Kjósar, 2) Árnes, 3) Rangárvalla, 4) Skaptafells, 5) Ísafjarðar ásamt Ísafjarðar kaupstað, 6) Húnavatns, 7) Skagafjarðar, 8) Eyjafjarðar ásamt Akureyrar kaupstað, 9) Þingeyjar, 10) Norðurmúla og 11) Suðurmúla sýslur kjósa 2 alþingismenn hver, en hinar aðrar sýslur í Íslandi og Reykjavíkur kaupstaður kjósa 1 alþingismann hver.<br>2. Þangað til lög þau, sem getið er í 3. grein, koma út, skal hæstirjettur ríkisins dæma mál þau, er alþingi höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland fyrir afbrigði gegn stjórnarskránni eptir þeim málfærslu-reglum, sem gilda við tjeðan rjett.<br>3. Þangað til að þingsköp hins sameinaða alþingis og beggja deilda þess verða ákveðin með lagaboði, áskilur konungur sjer að ákveða þingsköpin til bráðabirgða.<br>4. Konungur gjörir ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að stjórnarskránni verði komið fullkomlega í verk einhvern tíma á árinu 1875. Áætlun um tekjur og gjöld Íslands á árinu 1875 staðfestir konungur samkvæmt þeim reglum, sem hingað til hefur fylgt verið. | 1. Þangað til öðruvísi verður fyrir mælt með lögum, skulu kosningarlögin 6. janúar 1857, sbr. tilskipun 8. marz 1843, framvegis gilda um kosningarnar til alþingis að öðru leyti en því, sem leiðir af 14., 17. og 18. grein í lögum þessum. - Þeirri tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna, sem ákvörðuð er í hinni fyrstu greininni, skal, þangað til öðruvísi verður fyrir mælt með lögum, skipt þannig niður, að þær sýslur, er nú skal greina: 1) Gullbringu- og Kjósar, 2) Árnes, 3) Rangárvalla, 4) Skaptafells, 5) Ísafjarðar ásamt Ísafjarðar kaupstað, 6) Húnavatns, 7) Skagafjarðar, 8) Eyjafjarðar ásamt Akureyrar kaupstað, 9) Þingeyjar, 10) Norðurmúla og 11) Suðurmúla sýslur kjósa 2 alþingismenn hver, en hinar aðrar sýslur í Íslandi og Reykjavíkur kaupstaður kjósa 1 alþingismann hver.<br>2. Þangað til lög þau, sem getið er í 2. gr. (3. gr. stj.skr.), koma út, skal hæstirjettur ríkisins dæma mál þau, er alþingi höfðar á hendur ráðherra Íslands út af embættisrekstri hans, eptir þeim málfærslureglum, sem gilda við tjeðan rjett.<br>3. Þangað til að þingsköp hins sameinaða alþingis og beggja deilda þess verða ákveðin með lagaboði, áskilur konungur sjer að ákveða þingsköpin til bráðabirgða.<br>4. Konungur gjörir ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að stjórnarskránni verði komið fullkomlega í verk einhvern tíma á árinu 1875. Áætlun um tekjur og gjöld Íslands á árinu 1875 staðfestir konungur samkvæmt þeim reglum, sem hingað til hefur fylgt verið. | Umboð konungkjörinna þingmanna falla niður, þegar stjórnskipunarlög þessi koma í gildi, og skulu þá kosnir í fyrsta sinn 6 þingmenn til efri deildar og jafnmargir varamenn með hlutfallskosningum um land allt. Á fyrsta reglulega Alþingi eftir kosningar skal ákveða með hlutkesti, hverjir skuli fara frá eftir 6 ár, þeirra sem kosnir voru hlutbundnum kosningum. Almennar óhlutbundnar kosningar skulu fara fram sem fyrst eftir hlutfallskosningar, og eigi síðar en innan ársfjórðungs.<br>2. málsgrein 11. gr. tekur ekki til dómara þeirra, er nú skipa landsyfirrjettinn.<br>Heimilisfesta innanlands er ekki skilyrði fyrir kjörgengi þeirra manna, sem þá kunna að eiga setu á Alþingi, er stjórnskipunarlög þessi öðlast gildi. |

**Ákvæði um stundarsakir frh.**

| | Stjórnarskrá konungsríkisins Ísland | |
|---|---|---|
| | 1920 | 1934 |
| Texti greinar | 1. Kosningarrjetti og kjörgengi við alþingiskosningar halda, að öðru jöfnu, þeir menn, er þann rjett hafa fengið áður en stjórnarskrá þessi öðlast gildi, þótt ekki sjeu þeir íslenskir ríkisborgarar, eða hafi sömu rjettindi samkvæmt 75. gr.<br>2. Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá árið 1922 eftir hlutkesti Alþingis 1917, falla niður árið 1926.<br>3. Almennar reglulegar óhlutbundnar alþingiskosningar skulu fara fram árið 1923: Ekki mega þær þó fram fara fyr en að loknu reglulegu Alþingi það ár. | 1. Kosningarrjetti og kjörgengi við alþingiskosningar halda, að öðru jöfnu, þeir menn, er þann rjett hafa fengið áður en stjórnarskrá þessi öðlast gildi, þótt ekki sjeu þeir íslenskir ríkisborgarar, eða hafi sömu rjettindi samkvæmt 75. gr.<br>2. Umboð þingmanna fellur niður, þegar stjórnskipunarlög þessi öðlast gildi, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis. |

**Ákvæði um stundarsakir frh.**

| | Lýðveldisstjórnarskráin | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 1944 | 1959 | 1995 (ríkisr.) | 1999 | 2013 |
| Texti greinar | Er stjórnarskrá þessi hefur öðlast gildi, kýs sameinað Alþingi forseta Íslands fyrsta sinni eftir reglum um kjör forseta sameinaðs Alþingis, og nær kjörtímabil hans til 31. júlí 1945.<br>Þeir erlendir ríkisborgarar, sem öðlast hafa kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis eða embættisgengi, áður en stjórnarskipunarlög þessi koma til framkvæmda, skulu halda þeim réttindum. Danskir ríkisborgarar, sem téð réttindi hefðu öðlast samkv. 75. gr. stjórnarskrár 9. maí 1920, að óbreyttum lögum, frá gildistökudegi stjórnarskipunarlaga þessara og þar til 6 mánuðum eftir að samningar um rétt danskra ríkisborgara á Íslandi geta hafist, skulu og fá þessi réttindi og halda þeim. | Almennar kosningar til Alþingis skulu fara fram, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og falla umboð þingmanna niður á kjördegi. | Þrátt fyrir ákvæði 31. og 45. gr. stjórnarskrárinnar skulu næstu reglulegar alþingiskosningar fara fram annan laugardag í maí 1999 nema Alþingi hafi áður verið rofið. | Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 31. gr. nægir samþykki einfalds meiri hluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi. Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta úr gildi. | Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 79. gr. er heimilt, fram til 30. apríl 2017, að breyta stjórnarskránni með eftirfarandi hætti: Samþykki Alþingi frumvarp til laga um breytingu á stjórnarskrá með minnst 2/3 hlutum greiddra atkvæða skal það borið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar.<br>Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi sex mánuðum og í síðasta lagi níu mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi. Til þess að frumvarpið teljist samþykkt þarf það að hafa hlotið meiri hluta gildra atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslunni, þó minnst atkvæði 40 af hundraði allra kosningarbærra manna, og skal það staðfest af forseta lýðveldisins og telst þá gild stjórnarskipunarlög. Í heiti frumvarps til stjórnarskipunarlaga á þessum grundvelli skal koma fram tilvísun til ákvæðis þessa.<br>Um þjóðaratkvæðagreiðsluna fer samkvæmt lögum. |